

Morgunkaffifundur

Þriðjudaginn 8.febrúar héldum við, stjórnendur og kennarar skólans, morgunfund með foreldrum nemenda í 4., 7. og 10. bekk í Tjarnarsal. Fundarefni var niðurstöður samræmdra könnunarprófa, sameiginleg ábyrgð foreldra og skóla og stutt yfirferð yfir Mentor.

Við urðum fyrir vonbrigðum með slæma mætingu foreldra en fundurinn var samt sem áður góður.

Áður en skoðaðar eru niðurstöður samræmdra könnunarprófa er nauðsynlegt að hafa það í huga að prófin mæla aðeins frammistöðu nemenda í stærðfræði, íslensku og ensku, ekki t.d. í náttúrufræði, textíl eða heimilisfræði. Þau mæla heldur ekki framkomu eða hegðun í ferðalögum.

Þau eru hugsuð sem mikilvægt hjálpartæki fyrir nemendur, kennara og foreldra svo sjá megi hver staða nemandans er miðuð við hann sjálfan sem og aðra.

Þá er gott að hafa framfarastuðul í 7. og 10.bekk en hann sýnir okkur hvort framfarir eru í meðallagi, minni en almennt gerist eða meiri. Niðurstöðurnar eru leiðbeinandi fyrir nemendur, kennara og foreldra og þannig má betur sjá hvar skóinn kreppir og hægt er að grípa í taumana. Við verðum þá líka að gera það.

Námsmatsstofnun sér um alla framkvæmd samræmdra könnunarprófa, semur og fer yfir.

Á heimasíðu Námsmatsstofnunar namsmat.is, er heilmikil skýrsla þar sem hægt er að rýna í niðurstöður.

Allir nemendur eiga að taka prófin nema fengist hafi undanþága fyrir þá og verða þá að fylgja þeirri beiðni góð rök eins og alvarlegir námserfiðleikar eða einhverjir aðrir erfiðleikar sem valda því að ekki er hægt að réttlæta það að nemendur sitji yfir prófi í eina til þrjár klukkustundir.

Í 4.bekk (82,4% þreyttu prófið) gekk nemendum ágætlega í könnunarprófinu þó kennarar hafi almennt rætt það að íslenskuprófið var mjög erfitt. Einkunnir voru í kringum landsmeðaltal bæði í íslensku og stærðfræði. Við getum vel við unað og höldum áfram því góða starfi sem þar er unnið.

Í 7.bekk eru niðurstöður ómarktækar í íslensku. 100 % mæting, 5 skólar af 42 með 100% mætingu. Bekknum var skipt í tvær stofur og þegar spilaður var diskur sem fylgdi prófinu kom í ljós að hann var bilaður í annarri stofunni. Við sendum athugasemdir vegna þessa til Námsmatsstofnunar en einhverra hluta vegna voru þau mistök gerð þar að taka ekki tillit til þess og prófið yfirfarið og niðurstöður skólans birtar eins og ekkert hefði í skorist. Þetta voru mistök af hálfu Námsmatsstofnunar sem þeir hafa viðurkennt.

Í stærðfræði gekk þeim betur og framfarastuðlar í flestum tilfellum í meðallagi en við vorum samt of langt undir landsmeðaltali til að geta vel við unað.

Í 10. bekk gekk misvel, þar var 100% mæting. Í ensku vorum við talsvert yfir landsmeðaltali, í íslensku vorum við aðeins undir meðaltali og í stærðfræði heldur meira.

Mismunandi ástæður geta verið fyrir því hvernig nemendum gengur í samræmdum prófum og hafa kennarar velt þessu fyrir sér í áratugi.

Ég hef sjálf margoft kennt nemendum í 10.bekk til samræmds prófs, árangurinn hefur verið misjafn, ég hef haft nemendur sem fengu einkunnir langt undir meðaltali og aðra sem fóru langt yfir meðaltal. Stundum kann ég enga skýringu en oft er skýringin mjög eðlileg, t.d. námserfiðleikar, heimavinnu ábótavant eða þau tóku undirbúning ekki eins alvarlega og ég, þ.e. áhugaleysi. Mér er minnisstætt eitt vorið þegar ég var að undirbúa aukatíma í íslensku sem boðið var uppá fyrir nemendur í 10.bekk. Ég ljósritaði aukaverkefni og sat sveitt við undirbúning. Þá kom til mín samkennari minn og faðir einnar stúlku sem var í íslensku hjá mér og sagði: „Svava, hvað ertu að rembast þetta, þú eyðir mörgum klst. í að undirbúa aukatímana, fyrir hvern ertu að þessu? Hún dóttir mín hefur ekki minnsta áhuga, hún mætir í tímana en leggur ekkert á sig. Þú rembist, við foreldrarnir rembumst en henni er slétt sama“. Það er náttúrulega heilmikið til í þessu. Ef nemendur hafa ekki áhuga sjálfir þá er vinnan gagnslaus. Ég er þó ekki að mæla með því að við gefumst upp þó móti blási. Það er **okkar**, kennara skólans og **ykkar** foreldrar að finna í sameiningu leið til að ná til nemendanna. Vekja hjá þeim áhuga, veita þeim nauðsynlegt aðhald og taka í taumana eftir þörfum.

Jón Ingi fór næst yfir sameiginlegu ábyrgðina, ábyrgð foreldra, ábyrgð skólans. Í haust lögðum við könnun fyrir foreldra og kennara þar sem spurt var hver bæri ábyrgð á hverju. Niðurstöður er að finna undir [Sameiginlega ábyrgðin](#) á fréttavef heimasíðu skólans.

Góð vísa er aldrei of oft kveðin svo Jón Ingi fór yfir helstu atriði í Mentor. Í framhaldi af því ræddum við um mikilvægi mikilla og góðra samskipta milli heimilis og skóla í gegnum tölvu en við teljum ekki síður mikilvægt að við hittumst og að við tölum saman í síma. Það þarf ekki

alltaf að taka langan tíma en getur skilað miklum árangri. Við sjáum oft nemendur hrökkva í góðan gír bara við eitt símtal.

Samskipti okkar hafa áhrif. Hafið samband við skólann og þá frekar oft en sjaldnar. Þið megið á næstunni eiga von á símhringingum frá okkur í auknum mæli og ég bið ykkur að taka því vel.

Að lokum, verið velkomin í heimsókn skólann. Betra er að hafa samband við kennara eða skólastjórnendur áður til að finna heppilegan tíma. Við eigum alltaf kaffi og erum til í spjall bæði um börnin ykkar og skólamál almennt.

Með góðri kveðju

Svava Bogadóttir

skólastjóri Stóru-Vogaskóla